

NOVA KLÚBBURINN HF.**STARFSREGLUR TILNEFNINGARNEFNDAR****1. Hlutverk og markmið**

- 1.1 Hluthafar Nova Klúbbsins hf. (hér eftir „félagið“) hafa, í samræmi við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq Iceland um stjórnarhætti fyrirtækja (hér eftir „Leiðbeiningar“), ákveðið að koma á fót tilnefningarnefnd (hér eftir „nefndin“).
- 1.2 Markmið tilnefningarnefndarinnar er að koma á gagnsæju og skýru ferli við tilnefningu stjórnarmeðlima á aðalfundi félagsins. Ferlinu er ætlað að gera hluthöfum kleift að taka upplýstari ákvörðun varðandi skipan stjórnar félagsins.
- 1.3 Hlutverk nefndarinnar er að tilnefna einstaklinga til setu í stjórn félagsins í samræmi við starfsreglur þessar. Nefndin skal í störfum sínum leita leiða til að vernda og efla hagsmuni hluthafa félagsins og tryggja að allir tilnefndir hafi næga reynslu og hæfni til að gegna starfi stjórnarmanns. Stjórnarmenn sem kjörnir eru í stjórn félagsins skulu einnig skipaðir í stjórn dótturfélagsins Nova hf.

2. Nefndarmenn og skipun þeirra

- 2.1 Hluthafafundur skal skipa tvo nefndarmenn til [tveggja eins-áras](#) í senn. Báðir nefndarmenn skulu vera óháðir félaginu og daglegum rekstri þess, og a.m.k. annar þeirra skal vera óháður öllum stórum hluthöfum í félaginu. Óhæði nefndarmanna skal metið með vísan til kafla 2.3 í Leiðbeiningunum.
- 2.2 Ekki skal skipa stjórnarmann í tilnefningarnefndina. Þá skal ekki skipa í nefndina starfsmenn félagsins.
- 2.3 Við skipan nefndarmanna skal tekið tillit til reynslu þeirra af stjórnarstörfum og þekkingu á viðeigandi lögum og regluverki.
- 2.4 Birta skal nöfn nefndarmanna á heimasíðu félagsins eigi síðar en þremur mánuðum fyrir aðalfund félagsins.
- 2.5 Nefndin skal kjósa sér formann á sínum fyrsta reglulega fundi.

3. Verklag við val á tilnefningum

- 3.1 Hlutverk tilnefningarnefndar er ráðgefandi og eru tillögur nefndarinnar um mögulega stjórnarmenn ekki bindandi fyrir hluthafa.

- 3.2 Nefndin skal leitast við að fá tillögur frá hluthöfum um, auk þess að koma sjálf auga á, mögulega einstaklinga með góðum fyrirvara til þess að unnt verði að taka tillit til allra kosta áður en endanlegar tilnefningar eru lagðar fram.
- 3.3 Upplýsingar um hvernig leggja skal fram framboð skulu birtar á heimasíðu félagsins eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir aðalfund félagsins, eða aðra hluthafafundi þar sem stjórnarmenn verða kosnir.
- 3.4 Upplýsingar um tilnefnda einstaklinga skulu birtar hluthöfum, ásamt fundarboði, fyrir þann hluthafafund þar sem stjórnarmenn verða kosnir. Ef tilefni er til skal nefndinni heimilt að endurskoða tilnefningar sínar allt þar til framboðsfrestur til stjórnar rennur út. Upplýsingar um alla frambjóðendur skulu birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir fundinn.
- 3.5 Nefndin skal kynna tilnefningar sínar á fundinum þar sem stjórnarmenn verða kosnir og útskýra valferlið og forsendur niðurstöðunnar. Rök nefndarinnar skulu einnig vera aðgengileg á heimasíðu félagsins.
- 3.6 Við val á tilnefndum einstaklingum skal nefndin [huga að samsetningu stjórnar þannig að hagsmunum og þörfum félagsins sé sem best mætt](#), gæta þess að ~~þryggja~~ nægilega fjölbreytni, reynslu og sérfræðipækning ~~sé tryggð, auk þess að sem nauðsynleg er til að gegna stjórnarsetu í fjarskiptafyrirtæki og hafa jafnframt~~ í huga framtíðarmarkmið félagsins.
- 3.7 Nefndin skal tryggja að tilnefndir einstaklingar uppfylli kröfur til kynjahlutfalls samkvæmt lögum, sbr. 1. mgr. 63. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, eða síðari breytingar á þeim.
- 3.8 Nefndin skal tryggja að meirihluti tilnefndu einstaklinganna sé óháður félaginu, stjórnendum þess og stærstu hluthöfum. Óháði tilnefndra einstaklinga skal metið með vísan til Leiðbeininganna, eins og þær eru á hverjum tíma.

4. **Aðgengi að gögnum, upplýsingum og ráðgjöf**

- 4.1 Nefndin skal hafa aðgang að öllum gögnum og upplýsingum sem nauðsynlegar kunna að vera til að sinna störfum sínum. Nefndin getur óskað eftir slíkum upplýsingum frá stjórn félagsins, stjórnendum þess, öðru starfsfólki eða nefndum. Þá getur nefndin óskað eftir skýrslu um ákveðin mál ef hún telur það nauðsynlegt til að afla upplýsinga.
- 4.2 Nefndin getur leitað til utanaðkomandi ráðgjafa ef hún telur það nauðsynlegt til að sinna störfum sínum. Sérhver utanaðkomandi ráðgjafi skal vera óháður félaginu, stjórn þess, stjórnendum og stórum hluthöfum.

4.3 Nefndinni er heimilt að hafa samband við hluthafa í tengslum við störf sín, ef nauðsyn krefur.

5. Nefndarfundir og verklag

5.1 Nefndin skal funda eins oft og nauðsyn krefur, en ekki sjaldnar en tvisvar á ári. ~~Boðað skal til fundar með að lágmarki sjö daga fyrirvara.~~ Lögfræðingur félagsins ritar fundargerðir.

5.2 Nefndin skal í upphafi hvers starfsárs gera starfsáætlun fyrir árið, þar sem tiltekin eru helstu verkefni nefndarinnar.

5.3 Nefndarfundur er ályktunarfær ef báðir nefndarmenn eru viðstaddir. Atkvæði formanns ræður úrslitum um tillögur, falli atkvæði jafnt.

5.4 Nefndin getur, eftir því sem þörf krefur, boðið stjórnarmönnum eða starfsmönnum félagsins til funda sinna.

6. Trúnaður

6.1 Nefndarmenn bera þagnarskyldu gagnvart félaginu um öll mál sem snerta félagið eða viðskiptavinum þess, sem þeim kann að verða kunnugt um við framkvæmd starfa sinna. Nefndarmönnum er óheimilt að miðla upplýsingum um félagið eða viðskiptavinum þess til þriðja aðila nema með skriflegu samþykki stjórnar félagsins eða lög mæli fyrir um það.

6.2 Þagnarskyldan varir ótímabundið, jafnvel þótt nefndarsetu lýkur.

6.3 Nefndarmenn skulu varðveita tryggilega öll gögn sem þeir kunna að hafa undir höndum vegna starfa sinna sem fyrir nefndina.

7. Önnur ákvæði

7.1 Um ábyrgð, vald og hlutverk nefndarinnar, að öðru leyti en greinir í reglum þessum, fer samkvæmt gildandi lögum og samþykktum félagsins.